

44

## Árnessýsla:

1. apríl 1. **Hrunakirkja:** Tvö skógaritök í Tungufellslandi (Hrunamannahr.), svo kallað Mariuhris og Luciuhöfða.  
 2. **Hlíð** í Gnúpverjahreppi: Ítak í Ásólfssstaðaskógi, er Hlíðartorfa nefnist.  
 3. **Stóra-Núpskirkja** í Gnúpverjahreppi: Skógaritök í Dimon í Þjórsárdal.  
 4. **Gaulverjabæjarstaður:** Skógaritök í Dimon í Þjórsárdal.

Hér með er skorað á alla þá, sem véfengja ofangreind itök, að senda rökstudda greinargerð þar að lútandi til skrifstofu skógræktarstjóra fyrir 31. des. 1942.

Athygli manna skal jafnframt vakin á því, að samkvæmt 25. gr. ofanefndra laga eru öll önnur itök í skóg- og kjarlendi annarra jarða en þau, sem lýst hefur verið hér að ofan, fallin til landeigenda.

Skógræktarstjórinn, 1. apríl 1942.

Hákon Bjarnason.

45

23. apríl

## REGLUGERÐ

## um eyðingu svartbaks með eitri.

1. gr.

Umráðendur friðlýsts æðarvarps skulu árlega, frá 15. maí til 1. júlí, eitra fyrir svartbak (veiðibjöllu) í varplöndunum, og eigi sjaldnar á þessu tímabili en einu sinni í hverri viku.

2. gr.

Til eitrunarinnar skal nota strýknín (nitrás strychnicus venalis). Það eitur er hanvænt mönnum sem skepnum, og ber að gæta sérstakrar varúðar í meðferð þess.

Eitrið skal látið í æðaregg um gat á að giska 1 cm að þvermáli, er gera skal á hlið þeirra. Í hvert egg skal látið sem svarar  $\frac{1}{2}$  g af eitrinu og hræra því saman við innihald eggisins, t. d. með fjöðurstaf.

Mönnum ber að forðast að láta eitrið koma við sig, en fari svo; skulu þeir þvo sér vandlega á eftir.

Stranglega er bannað að eitra annað en æðaregg.

3. gr.

Hin eitruðu egg skulu lögð þar í varplöndin, sem svartbaks er helzt von, og snúi rofna hliðin upp. Svartbak eða aðra fugla, sem kunna að drepast af eitrinu, skal grafa tafarlaust, þar sem þeir finnast, og varast að snerta þá berum höndum.

4. gr.

Staðir þeir, sem hin eitruðu egg eru höfð á, skulu vel auðkenndir, svo að þeim, er um þá kunna að eiga leið, verði augljóst, að þar er von eitraðra eggja, og fugla, sem drepist hafa af eitri. Sérstaklega skal þess gætt, að fólki, sem hirðir æðarvörpin, sé kunnugt, hvar hin eitruðu egg eru höfð.

5. gr.

Héraðslæknum, hverjum í sínu umdæmi, ber að láta þeim, sem lögð er sú skylda á herðar að eitra fyrir svartbak, sbr. 1. gr., ókeypis í té hæfilega mikið af strýkníni í þessu skyni, gegn endurgreiðslu úr rikissjóði.

Þar, sem lyfjabúðir eru í læknishéruðum, annast lyfsalar útlát eitursins til 45  
 héraðsbúa í stað héraðslækna. Landlæknir segir fyrir um umbúðir eitursins til 23. apríl  
 þessara sérstöku nota, því til frekari tryggingar, að það valdi ekki slysum. Að  
 öðru leyti fer um afgreiðsluna samkvæmt gildandi reglum um sölu eiturefna til  
 annarra afnota en lækninga.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100—1000 kr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 89 1941. Öðlast hún  
 þegar gildi og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. apríl 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## BREYTING

46

29. apríl

á gjaldskrá og reglum um leigukjör firðtalstöðva, sem landssíminn lætur á leigu  
 í íslensk þilskip, frá 6. janúar 1934.

1. Aftan við orðin „senditæki“ í 2. gr. komi: (gerð G).
2. Á eftir 10. gr. komi ný grein, 11. grein, svo hljóðandi:

Landssíminn lætur enn fremur á leigu talstöðvargerð GV, sem er aflmeiri  
 og fullkomnari en gerð G. Ársleiga fyrir þessa talstöð er kr. 180.00, stofngjald  
 kr. 100.00 og vátryggingarupphæðin kr. 1500.00.

*Póst- og simamálaráðherra, 29. apríl 1942.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Guðmundur Hliðdal.*

## REGLUGERÐ

47

11. maí

fyrir Húsmæðraskóla Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 65 frá 27. júní 1941, um húsmæðraskóla í kaupstöðum, og  
 lögum nr. 60 frá 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, er hér með sett eftir-  
 farandi reglugerð fyrir skólann.

### I. KAFLI

#### Markmið og skipulag.

1. gr.

Markmið skólans er að veita stúlkum nægilega kunnáttu til að þær geti orðið  
 forstöðukonur og kennarar við húsmæðraskóla, matreiðslunámskeið, kennslukonur  
 í matreiðslu við barnaskóla, ráðskonur við sjúkrahús, heimavistarskóla og önnur  
 slík störf.